

14. fundur stjórnar Byggðasafns Árnésinga var haldinn fimmtudaginn 26. september 2024 kl. 11,10 á Teams og framhaldið á Teams þann 1. október kl. 10. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. **Rekstraráætlun Byggðasafns Árnésinga árið 2025.** Framhald af umræðu síðasta fundar. Lagt var fram tölvubréf frá Björgvini Guðmundssyni hjá KPMG endurskoðun til safnstjóra og er svar við upplýsingum um fjármagnsgjöld af lánum safnsins sem stjórnin óskaði eftir á síðasta fundi. Spáð er hjaðnandi verðbólgu á næsta ári sem þýðir minni fjármagnsgjöld. Hinsvegar verður safnið að gera ráð fyrir fullum afborgunum lána. Þessum lið frestað þar til KPMG hefur sett upp heildstæða rekstraráætlun.

Fundi frestað kl. 11,30.

Fundi framhaldið þann 1. október kl. 10 á Teams og lögð fram heildstæð fjárhagsáætlun með rekstraráætlun, efnahag og sjóðstreymi. Í áætlunina er tekið tillit til afborgana af langtímalánum sem safnið þarf að standa undir og safnið því rekið með hagnaði ef verðbólguþáttur ganga eftir. Stjórn safnsins samþykkir áætlunina fyrir sitt leiti og felur safnstjóra að senda hana til Héraðsnefndar Árnésinga ásamt greinargerð.

2. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 10,10.

Lýður Pálsson

fundarritari